

Samningur

menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytis við AkureyrarAkademíuna

Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið, kt. 710122-0830, í samningi þessum nefnt ráðuneyti, og Akureyrarakademían ses., kt. 450914-1500, í samningi þessum nefnt styrkþegi, gera með sér svohljóðandi samning:

1. Markmið og starfsemi/verkefni

1.1. Meginmarkmið með samningi þessum eru að:

- Virkja og tengja saman þá aðila sem stunda sjálfstæðar rannsóknir og fræðistörf á Akureyri og nágrenni og hvetja til samstarfs við háskóla, rannsóknastofnanir og fyrirtæki, t.a.m. með sameiginlegri vinnustöðu, viðburðum og samstarfsverkefnum.
- Styðja við stefnumörkun stjórnvalda með eflingu þekkingardrífinnar starfsemi, fræðimennsku, rannsókna og nýsköpunar, sbr. stefnumörkun í fjármálaáætlun 2025-2029 og stefnumarkandi byggðaáætlun. Einnig þingsályktun um borgarstefnu með vísan til fræðastarfsemi og rannsókna og eflingu Akureyrar sem samkeppnishæfrar svæðisborgar.
- Tryggja framgang stefnu málefnasviðs 7 – Rannsóknir, nýsköpun og þekkingargreinar og málefnasviðs 21 - Háskólastig í málaflokkum 21.1 – Háskólar og 21.2 - Rannsóknarstofnanir sbr. fjármálaáætlun 2026-2030.

1.2. Starfsemi/verkefni

Akureyrarakademían er rannsókna- og fræðasetur sem starfrækt er á Akureyri. Starfsemi á grunni samnings þessa er eftirfarandi:

- *Markhópar*
Markhópur Akureyrarakademíunnar á grunni þessa samnings eru sjálfstætt starfandi rannsakendur, fólk sem sinnir fræðistörfum, nemendur og kennarar í innlendum og erlendum háskólum og frumkvöðlar sem vinna að nýsköpunarverkefnum. Einnig fræða- og fagfélög, menningar- og fræðastofnanir, sem og smáfyrirtæki sem byggja starfsemi sína á rannsóknum og miðlun þeirra.

Aðstaða

Akureyrarakademían myndar og rekur vinnurými á Akureyri með tilheyrandi góðri og aðlaðandi vinnuaðstöðu gegn hagstæðri leigu til lengri eða skemmri tíma fyrir markhópa. Með því myndar stofnunin þverfaglegt og lifandi fræðasamfélag.

- *Þjónusta*
Akureyrarakademían veitir markhópum aðgang að þjónustu sem felur í sér ráðgjöf, handleiðslu og upplýsingar um fjármögnunarmöguleika, styrkumsóknir, innlenda sem og erlenda samstarfsmöguleika og skyld atriði.

- *Miðlun*
Akureyrarakademían hefur forgöngu um miðlun rannsókna og fræðaefnis hvort sem það er í gegnum viðburði, almenna útgáfu, ritrýnd fræðirit og/eða stafræna miðlun.
- *Samstarf*
Akureyrarakademían stuðlar að samstarfi og tengslum milli markhópa og einnig samstarfi og tengslum þeirra við háskólasamfélög og rannsóknastofnanir.

2. Forsendur samnings og lagaheimild

- 2.1. Ráðuneytið gerir samning þennan á grundvelli heimildar í 42. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015.
- 2.2. Styrkþegi starfar samkvæmt skipulagsskrá stofnunarinnar sem birt er á vef hennar og var síðast breytt dags. 20. júlí 2020.
- 2.3. Styrkþegi starfar í samræmi við lög og reglugerðir sem gilda um umsamda starfsemi og verkefni, en einnig, eftir því sem við á eftir lögum og reglugerðum um rekstur aðila sem kostaðir eru að verulegu eða öllu leyti af framlögum ríkisins.
- 2.4. Eftirfarandi lög og reglugerðir kunna því að eiga við um samning þennan:
 - Lög um opinber fjármál nr. 123/2015.
 - Reglugerð um framkvæmd fjárlaga nr. 1061/2004.
 - Lög um opinber innkaup nr. 120/2016.
 - Upplýsingalög nr. 140/2012.
 - Stjórnsýslulög nr. 37/1993.
 - Lög um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga nr. 46/2016.
 - Samkeppnislög nr. 44/2005.
 - Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.
 - Lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014.

3. Styrkveiting

- 3.1. Heildarskuldbinding samningsins er 36 m.kr. (og árlegt framlag ríkisins er 12 m.kr. á samningstímanum.)
- 3.2. Framlag ríkisins skv. samningi þessum tekur breytingum í samræmi við almenna verðlagsuppfærslu í fjárlögum.
- 3.3. Framlag í samningi þessum kemur frá málaflokki 21.2 og fellur undir stefnu ráðherra á málefnasviði 21 í málaflokkum 21.1, og 21.2 sbr. 20. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015.
- 3.4. Gerður er fyrirvari um að stjórnvöld kunna að ákveða aðhaldsaðgerðir við samþykkt fjárlaga og á styrkþegi ekki kröfu á ríkissjóð eða rétt á bótum þótt framlag til samningsins verði lækkað eða fellt niður. Séu gerðar almennar aðhaldskröfur af hálfu ríkisins til málaflokks 21.1 er heimilt að gera sömu kröfur til aðhalds í rekstri verkefna sem fellur undir málaflokk 21.1 og hjá styrkþega.
- 3.5. Greiðslur kunna að falla niður ef greinargerð er ekki skilað innan tímamarka, sbr. ákvæði 6.2.

- 3.6. Fjárhagsleg ábyrgð ríkisins vegna rekstrarverkefnisins takmarkast við þær fjárhæðir sem eru í samningnum.
- 3.7. Samningsfjárhæð er greidd af fjárlagaviðfangi 17-299-11012 með mánaðarlegri greiðslu í tólf jöfnum greiðslum í upphafi hvers mánaðar. Greitt er inn á bankareikning númer 0565-26-450914 í viðskiptabanka Akureyrarakademiunnar.

4. Ábyrgð og skyldur samningshafa

- 4.1. Styrkþegi ber ábyrgð á starfsemi sem samningur þessi tekur til og að hún fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Styrkþegi skal geta lagt fram gögn og skýrslur þessu til staðfestingar, sé eftir því leitað.
- 4.2. Styrkþegi ber ábyrgð á skuldbindingum sem hann eða aðilar á hans vegum stofna til í tengslum við samning þennan.
- 4.3. Styrkþega er óheimilt að:
 - Afhenda, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila.
 - Framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu skv. 45. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997.

5. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna fjármála og verkefna

- 5.1. Ráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd samningsins.
- 5.2. Styrkþegi skal árlega skila til ráðuneytisins:
 - *Febrúar:*
 - Áætlun um rekstur og starfsemi liðandi/komandi almanaksárs, þar sem fram koma m.a. helstu starfsmarkmið sem unnið verður að á árinu á grunni samnings.
 - Greinargerð/skýrslu um framkvæmd samnings liðins almanaksárs, stöðu verkefna og hvernig framlagi var ráðstafað í samanburði við áætlun.
(Áætlunum fyrir komandi ár og skýrslu liðins árs er styrkþega heimilt að skila í einu lagi.)
 - *Júní:*
 - Endurskoðuðum ársreikningi ársins á undan með sundurliðun tekna, gjalda og skýringum.
- 5.3. Eigi styrkþegi í viðskiptum við lögaðila sem það á eignarhluta í eða er í eigu fjárhagslega tengdra aðila svo sem stjórnenda hans, eða annarra aðila, skulu þau fara fram á viðskiptalegum forsendum og gerð grein fyrir þeim í ársreikningi.
- 5.4. Fulltrúar ráðuneytis og styrkþegi funda að lágmarki árlega um samninginn að frumkvæði ráðuneytisins.
- 5.5. Styrkþegi veitir ráðuneytinu upplýsingar sem það kallar eftir vegna eftirlits með framkvæmd samningsins eða vegna opinberrar upplýsingagjafar.
- 5.6. Ráðuneytið hefur heimild til að gera sjálf eða fela öðrum að gera athuganir og úttektir á öllum eða einstaka þáttum í framkvæmd samningsins. Samkvæmt verklagi ráðuneytisins er gerð árleg úttekt á samningum ráðuneytisins þar sem samningar af

handahófi eru teknir til nánari skoðunar. Í því sambandi hefur ráðuneytið óheftan aðgang að öllum gögnum sem máli skipta, þar á meðal fundargerðum, skrám, fylgiskjölum, skýrslum, bókum og bréfum.

- 5.7. Ráðuneytinu er heimilt að birta gögn, s.s. samning þennan, ársreikning styrkþega, greinargerð um framkvæmd samnings og úttektarskýrslur inn á vef sínum.
- 5.8. Styrkþegi setur á vefsíðu sína gögn sem eru efnislegar afurðir samningsins, svo sem skýrslur, fræðsluefni og leiðbeiningar.

6. Vanefndir og meðferð ágreinings

- 6.1. Styrkþegi tilkynnir ráðuneytinu tafarlaust ef það telur vafa leika á um að hann geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum. Jafnframt greinir styrkþegi frá úrræðum sem hann hyggst grípa til.
- 6.2. Ráðuneytinu er heimilt að rifta samningi þessum, draga úr greiðslum, stöðva greiðslur og endurkrefja um greiðslur uppfylli styrkþegi ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum.
- 6.3. Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.

7. Gildistími

- 7.1. Samningurinn gildir frá 1. júlí 2026 til 30. júní 2029.
- 7.2. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði samnings þessa eða samningurinn í heild verði tekinn til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.
- 7.3. Óski annar hvor aðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með þriggja mánaða fyrirvara.

8. Ýmis ákvæði

- 8.1. Rísi mál vegna samnings þessa skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.
- 8.2. Samningurinn er undirritaður rafrænt. Aðilar hafa kynnt sér efni samningsins og hafa fullt umboð til að staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 16. júní 2026

F.h. menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytis:

Una Strand Viðarsdóttir

F.h. Akureyrarakademiunnar:

Aðalheiður Steingrímsdóttir